

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Stefán Gíslason, formaður verkefnisstjórnar um rammaáætlun
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2016

Tilvísun: 201511068 / 4.2.1

Efni: Matslýsing - Rammaáætlun. 3. áfangi. 2013-2017.

Vísað er til erindis formanns verkefnisstjórnar um rammaáætlun, sem barst með tölvupósti þann 27. nóvember 2015, þar sem óskað er samráðs við Skipulagsstofnun um matslýsingu, dagsetta í nóvember 2015 vegna 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlunar) fyrir tímabilið 2013-2017, sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Verkefnið snýr að umhverfismati rammaáætlunar sem verður lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar. Í áætluninni er mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk.

Viðfangsefni umhverfismatsins

Við ákvörðun um áherslur umhverfismats rammaáætlunar samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana (UMÁ) þarf að hafa í huga að sjálf vinnan að rammaáætlun samkvæmt þeim lögum sem um þá áætlanagerð gildir, felur í sér umhverfismat. Þar sem það síðarnefnda felur eingöngu í sér mat á áhrifum einstakra virkjunarkosta, hverjum gagnvart öðrum, er að mati Skipulagsstofnunar mikilvægt að umhverfismat sem gert er við vinnslu rammaáætlunar samkvæmt lögum um UMÁ feli í sér mat á samlegðaráhrifum virkjunarkosta eða heildaráhrifum áætlunarinnar, þ.e. bæti við þeim mikilvæga þætti umhverfismats sem grunnvinnan að rammaáætlun felur ekki í sér. Þannig getur umhverfismatið gefið mynd af því hvaða heildaráhrifa má vænta á tiltekna umhverfisþætti, svo sem jarðhitasvæði eða víðerni. Einnig hvaða heildaráhrifa er að vænta á tilteknum landsvæðum, svo sem á jarðhitasvæði á Reykjanesi eða Hellisheiði, svo dæmi sé tekið.

Í slíku umhverfismati telur Skipulagsstofnun mikilvægt að jafnframt séu metin samlegðaráhrif með þeim virkjunarkostum sem þegar eru nýttir eða eru þegar í orkunýtingar- eða verndarflokki samkvæmt gildandi rammaáætlun.

Slíkt mat á samlegðaráhrifum allra virkjunarkosta samkvæmt tillögunni ásamt fyrirliggjandi virkjunum og orkunýtingar- og verndarflokki gildandi rammaáætlunar gefur betri grundvöll til ákvarðana um röðun kosta í orkunýtingar- bið- og verndarflokk, þar sem til viðbótar hinu hefðbundna mati sem unnið er í rammaáætlunarferlinu koma fram skýrar upplýsingar um samlegðaráhrif virkjunarkosta á tiltekna landshluta og tiltekna umhverfisþætti.

Umhverfisviðmið, umhverfisþættir

Í lögum um umhverfismat áætlana er loft tilgreint sem einn þáttur umhverfisins sem til álita kemur við umhverfismat áætlana. Skipulagsstofnun telur að í tilfelli rammaáætlunar eigi við að fjalla um þennan þátt, bæði með tilliti til áhrifa á loftgæði, svo vegna brennisteinsmengunar frá jarðvarmavirkjunum, og eins með tilliti til gróðurhúsalofttegunda.

Þá er bent á að með nýjum náttúruverndarlögum kunna að vera komin til ný atriði sem horfa þarf til, svo sem tengt varúðarreglu, nýjum friðlýsingarflokkum og breytingum á ákvæðum um sérstaka vernd.

Tengsl við aðrar áætlanir

Varðandi tengsl við aðrar áætlanir telur Skipulagsstofnun að í tilviki umhverfismats rammaáætlunar sé mikilvægast að horfa til fyrirbyggjandi rammaáætlunar og landsskipulagsstefnu auk kerfisáætlunar, þ.e. að samlegðaráhrif séu skoðuð með fyrirbyggjandi rammaáætlun og kerfisáætlun og að tekið sé tillit til tillögu að landsskipulagsstefnu, sérstaklega ákvæða hennar um verklag og nálgun við umhverfismat rammaáætlunar.

Umhverfisviðmið

Þegar metin eru áhrif áætlunar á tiltekna umhverfisþætti (viðföng), er það almennt gert með því að bera viðkomandi tillögu og áhrif hennar saman við fyrir fram gefin umhverfisverndarmarkmið eða leggja mat á hvaða breytingar eru líklegar frá grunnástandi umhverfisins eða blöndu þessara nálgana. Í vinnu faghópa rammaáætlunar hefur verið þróuð aðferðafræði við að leggja mat á áhrif einstakra virkjunarkosta sem felst fyrst og fremst í því síðarnefnda, þ.e. mati á breytingum frá grunnástandi. Skipulagsstofnun leggur til að sama nálgun sé lögð til grundvallar við mat á samlegðaráhrifum.

Sé ætlunin að leggja fremur eða jafnframt mat á samlegðaráhrif með tilliti samræmis tillögunnar við tilgreind umhverfisverndarmarkmið er bent á ný lög um náttúruvernd og tillögu að landsskipulagsstefnu.

Umhverfismat, aðferðir og framsetning

Í matslýsingunni kemur fram að niðurstöður verði settar fram í venslatöflum og texta. Skipulagsstofnun mælir eindregið með því að samlegðaráhrif verði jafnframt greind og sett fram á kortum, hvort sem það er fyrir landið í heild eða einstaka landshluta. Það gefur kost á myndrænni, landfræðilegri greiningu á samlegðaráhrifum á þætti eins og víðerni, jarðhitasvæði og verndarsvæði.

Í kaflanum „Framkvæmd matsins“ er talað um „umtalsverð“ áhrif. Stofnunin mælir með því að frekar sé notað hugtakið „veruleg“ áhrif, þar sem fyrrnefnda hugtakið hefur tiltekna afmarkaða merkingu samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þá bendir stofnunin á að skýra má vægi áhrifa, þ.e. hvað átt er við með verulega jákvæðum áhrifum, óverulegum neikvæðum áhrifum o.s.frv. með vísan til leiðbeininga Skipulagsstofnunar frá 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Kynning og samráð

Skipulagsstofnun mælir eindregið með því að umhverfismatið skv. UMÁ-lögunum verði skilgreint sem hluti alls þess samráðs sem fram fer samkvæmt rammaáætlunarlögunum í vinnsluferli rammaáætlunar. Á vef rammaáætlunar er kynnt tímaáætlun, dags. 5. júní 2015, sem sýnir tímasetta verkþætti við vinnslu áætlunarinnar. Þar er gert ráð fyrir almennu samráði og kynningarfundum um landið í lok mars 2016. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þetta áformaða samráð í ferlinu sé nýtt til þess að kynna og ræða hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismatinu, sérstaklega mati á samlegðaráhrifum. Þannig gefst kostur á að fá fram sjónarmið, upplýsingar og ábendingar

almennings og hagsmunaaðila á meðan á vinnslu áætlunarinnar og umhverfismatsins stendur, sem nýst getur við endanlegt áhrifamat og endanlega mótun áætlunarinnar.

Að öðru leyti vísast til glærुकynningar á fundi með fulltrúum verkefnisstjórnar og faghópa rammaáætlunar í maí 2015.



Rut Kristinsdóttir